

Aðalfundur 2023

~ 15. maí ~



Fundargerð

Aðalfundur settur kl.20:10 í Virkjun, Ásbrú.

Mættir:

Magnús Kristinsson, Sverrir Gunnlaugsson, Ágúst H. Borgþórsson, Gunnar H. Valdimarsson, Stefán Sæmundsson, Haukur Ólafsson, Ishmael R. David, Hermann Ólafsson, Lúðvík Sigurðsson, Guðni Sigurjónsson, Ólafur Magnússon, Leifur Linduson, Sigurður Eliasson.

Sverrir setti fundinn og stakk upp á Stefáni Sæmundssyni sem fundarstjóra, var það samþykkt. Magnúsi gefið orðið fyrir skýrslu stjórnar, byrjaði á að minnst Guðna V. Sveinssonar, stofnfélaga og vallarstjóra til 25 ára, sem lést eftir stutt veikindi 13. maí sl.

Formaður flutti skýrslu stjórnar og gjaldkeri kynnti reikninga félagsins sem voru samþykktir án athugasemda eftir stuttar umræður. Stjórn lagði til óbreytt félagsgjöld, sem var samþykkt eftir stuttar umræður um núvirðingu eigna og viðhaldspörf (flutt undir önnur mál).

Á þessum fundi þurfti að kjósa um gjaldkera, vallarstjóra og meðstjórnanda. Engin framboð bárust fyrir aðalfund og heldur ekki á sjálfum fundinum svo Sverrir fráfarandi gjaldkeri, Ágúst fráfarandi vallarstjóri og Gunnar fráfarandi meðstjórnandi gáfu áfram kost á sér. Var það samþykkt samhljóða af viðstöddum.

Skoðunarmann reikninga, gjaldkeri stakk upp á Stefán Sæmundssyni og var það samþykkt.

Engar tillögur eða lagabreytingar á dagskrá.

Hér var gert hlé á fundinum og gestir gæddu sér á gómsætum kökum í tilefni af 30 ára afmæli félagsins og spjölluðu um heima og geima.

Undir liðnum önnur mál var rætt um núvirðingu eigna, viðhaldspörf og hækkun félagsgjalda til að mæta þeim kostnaði. Erfitt mál skv. gjaldkera myndi sennilega kalla á tugþúsunda hækkun ef vel ætti að vera, þarf að skoðast betur. Ishmael stingur upp á að setja saman vinnuhóp til að skoða málið, stungið upp á vallarstjóra flugvallar og bílabrautar sem skoði fyrirhugaða viðhalds- og framkæmdaþörf.

Rætt um tryggingamál og stöðu þeirra, viðræður í gangi við tryggingafélög.

Varðandi þá sem koma inn á svæðið þegar það er opið var bent á að ekki er almenn opnun á bílabraut, bara meðlimir og opnir tímar á sunnudögum upp úr hádegi yfir sumartímann, beina áhugasömum á að kíkja þá og hitta meðlimi bíladeildar.

Formaður minnir á að bíladeild geti nýtt sér að funda í aðstöðunni ef það hentar.

Aðalfundi slitið kl. 21:35.

Sverrir Gunnlaugsson